

Fundargerð fundar í
mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
miðvikudaginn 15. apríl 2009 kl.: 16:00.
Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Mariútöð 5 a.
Fundargerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Karl Kristjánsson, Ingibjörg Smáradóttir, Kristján Þór Ebbenzersson, Guðrún Guðmundsdóttir, Júlía Guðjónsdóttir, Björg Karlsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Karl setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Tillögur að breytingum á húsnæði leikskólans og inntöku 12 mánaða barna í leikskólann. Umsagnar nefndarinnar óskað. Nefndin gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar húsnæðisbreytingar. Í ljósi fyrirhugaðra breytinga á húsnæði leikskólans samþykkir nefndin inntöku 12 mánaða barna.
2. Tillaga að endurbótum í Reykhólaskóla og flutningi bókasafns í gamla íþróttasalinn. Umsagnar nefndarinnar óskað. Nefndin er samþykkt tillögunum.
3. Bréf dags. 18. mars 2009 frá leikskólastjóra varðandi launahækkun starfsmanna vegna þátttöku í námskeiði. Nefndin tekur jákvætt í erindið.
4. Sumardagurinn fyrsti. Fyrirkomulag og dagskrá. Tillaga að dagskrá og tilhögun samþykkt.

Til kynningar:

1. Bréf dags. 7. apríl 2009 frá skólamálanefnd Sambands ísl. sveitarfélaga með samantekt varðandi hagræðingaraðgerðir sveitarfélaga í skóla- og fræðslumálum.
2. Bréf dags. 6. apríl 2009 frá starfshópi Sambands ísl.sveitarfélaga, menntamála- félags- og tryggingamálaráðuneyti með hvatningu til sveitarfélaga vegna málefna barna og ungmenna.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:40.